


MIDGARDUR



MIDGARÐUR

..... " Svo jafnir virðast þeir vera , sem á himnum búa - uppi á hálandinu - og svo þeir í undirdjúpunum , dýrið og drekinn og alt það lið , að sigurinn í úrslitabaráttunni er undir því kominn , hvorumegin íbúar Miðgarðsins verða " .

..... " Vjer fáum bæði í Eddu og í Opinberun Jóhannesar að vita , hve mikla stund styrjaldaraðilarnir sem komnir voru fram yfir mannsstigið til góðs eða ills , lögðu á að fá Miðgarðinn í lið með sjer . Eða með öðrum orðum , þessar verur , sem vjer nefnum menn , og er ætlað að komast áleiðis til að verða guðir en eiga á hættu að geta orðið djöflar " .

Þessar tilvitnanir í Framnýal nægja til að sýna hvað átt er við með orðinu Miðgarður , það erum við sjálf eða með öðrum orðum mannkyn frumlífsjarða alheims , en er notað um þetta hvort tveggja , frumlífsjörð og mannkyn hennar .

Það ætti að vera óþarfi að taka það fram að hér er alls ekki verið að leggja út á neina Ása - trúarbraut þótt gömul goðfræðileg heiti séu notuð í þessu blaði , þvert á móti er verið að halda áfram viðleitni til að sýna framá að vitranir hinna ýmsu ófresku fornmanna byggðust á raunveruleika , þótt aflagaður væri , þá og síðar .

MÍÐGARÐUR

FÉLAGSRIT NÝALSSINNA

Tímarit um heimsfræðileg efni

Útgefandi: Félag Nýalssinna — Umsjón: Kjartan Norðdahl

EFNISYFIRLIT

VARNAÐARORÐ	b l s .	3
STJÖRNUSAMBANDSMÁL	—	6
TILGANGUR SAMBANDS-		
FUNDA F. N.	—	19
NOKKRIR , SEM EIGI ÞÖGÐU	—	28
ÚR KENNINGUM		
SPÍRITISTA	—	43
KOPERNIKUS	—	51
ÁHUGAMENN	—	59

1. tbl. 1975

Blað nr. 2

Fjölritun **U R Þ**_f



Reykjavík 1975

VARNADARORÐ

Það fer ekki fram hjá neinum , sem les rit dr. Helga Pjeturss , hversu mjög hann metur það , að menn vandi athuganir sínar .

Að hafa það , sem sannara var , að vera framúrskarandi nákvæmur og athugull en þó víðsýnn , það voru þær aðferðir , sem hann notaði við rannsóknir sínar . Að ýkja hvergi né heldur láta óskhyggju eða ímyndanir krydda frásagnir sínar , heldur segja satt og rétt og nákvæmlega frá því , sem fyrir bar , það voru einkenni Helga Pjeturss .

Og það er þetta , sem sérhver nýalssinni ætti að taka sér til fyrirmyndar .

Það á að vera metnaðarmál nýalssinna að vera vandaðri og nákvæmari í athugun og frásögn , en almennt gengur og gerist . Með því öðlast þeir það álit manna , að segi nýalssinni frá einhverju , þá megi treysta því , að rétt sé með farið .

Íslensk tunga er mjög auðug af hugtökum , sem lýsa skapgerðareinkennum manna á snilldarlega augljósan hátt , oft með einu einasta orði . Og ég ætla , í beinu framhaldi af því , sem á undan er sagt að kynna hér eitt slíkt orð .

Það er orðið hjásögull. Að vera hjásögull þýðir ekki beinlínis það sama og að ljúga, heldur að segja ekki nákvæmlega rétt frá og auk þess þannig, að það eitt er nefnt, sem kemur sögumanninum vel en hinu sleppt, sem er honum í óhag, m. ö. o. að fara svona á snið við sannleikann, hagræða honum sér í vil.

Og það er einmitt þetta, sem á að vera eitur í beinum nýalssinnans.

Sameiginleg megineinkenni manna, sem eru að segja frá draumum sínum, eru hversu óvandaðir, ónákvæmir og kærulausir þeir eru í frásögnum sínum, og í tilbót ýknir og ímyndunarfullir. Það er yfirleitt alls ekki hægt að treysta mönnum til þess að segja rétt frá draumum sínum. Þetta vita nýalssinnar allra manna best. Og hvað varða hjásöglina, þá er ég sannfærður um, að hin algenga tortryggni vísindamanna (og allra glöggskyggna manna yfirleitt) gagnvart því, sem nefnt hefir verið "dularfull fyrirbæri", er vegna þess að þeir hafa þráfaldlega komið að því, hve fólkið, sem fyrir slíku varð (að eigin sögn), var ónákvæmt og beinlínis hjásögult (hagræddi sannleikanum) í frásögn sinni.

Þetta er það, sem nýalssinnar verða að

forðast eins og heitan eldinn . Það er miklu betra að segja ekki neitt heldur en að vera að útbásúna e-ð svokallað fyrirbæri , sem síðan reynist ekki vera neitt , neitt .

Við verðum að hafa hugfast , að það er miklu betur munað eftir mistökum manna heldur en því , sem þeir hafa vel gert .

Þegar nýalssinni segir á annað borð frá e-u sem fyrir hann hefir borið og snertir málefni Nýals , hvort heldur er um vitranir , drauma , sýnir eða aðrar skynjanir að ræða , eða þá e-ð sem gerzt hefir á miðilsfundum , ber honum að vera miklu samvirkusamari , nákvæmari og vandaðri , en gengur og gerist meðal annarra sem segja frá slíku , og sér í lagi að vera ekki hjásögull .

Það er alveg öruggt og víst , að án þess að fara þannig að , mun okkur nýalssinum ekki takast að skapa hið lífsnauðsynlega traust á málefni okkar og okkur sjálfum .

K . N .

STJÖRNUSAMBANDSMÁL

Oft , þegar ég er að hugsa um þetta mikla mál , sem við nefnum stjörnu sambandsmál og um spíritismann og þetta , sem nýalssinnar kalla fyrirburði en spíritistar og aðrir kalla dularfull fyrirbæri , þá verður mér hugsað til stjörnufraeðinnar eins og hún var hér fyrr á árum , eða réttara sagt öldum .

Hvernig gat t. d. heimsmynd Ptolemeusar verið svona lengi ríkjandi , öldum saman , já einar 13 til 14 aldir , úr því að hún var alls ekki rétt ? Það var af því að kenningar hans og það kerfi , sem hann útbjó virtist standast beinar athuganir . Hreyfingar himinhnatta komu heim og saman við kerfið hans og það var það sem gerði gæfumuninn , - bein athugun féll inn í hið ptolemaíska kerfi .

En hvers vegna varð það þá , seint um síðir að víkja fyrir öðru betra ? Auðvitað voru ástæðurnar ýmsar , en þó fyrst og fremst ein , og sú , sem tók af allan vafa , en það var , að með mun meiri nákvæmni í athugun , en áður hafði verið möguleg , kom í ljós , að hreyfingar himinhnattanna gátu alls ekki fallið inn í hið gamla kerfi . Eitthvað var að og það meir en lítið .

Aukið sjálfstæði í hugsun og þar með meiri víðsýni knúði á um nákvæmari athuganir á heimskerfi , sem gat ekki lengur fullnægt þeim mönnum , sem lengst sáu fram og hæst yfir . Sjálf höfuðviðmiðunin , jörðin , varð að víkja fyrir annarri .

En því oftast og lengur , sem ég hugsa um þetta , þeim mun auðveldara finnst mér að skilja , hvers vegna mönnum veitti svo erfiðlega að átta sig á hinu sanna í málinu . Hver einasti maður sá með eigin augum , að sólin , tunglið og stjörnur komu upp í austri og settust í vestri . Það blasti alveg við , hvað gerðist , himinninn með öllu sínu snérist kringum jörðina einu sinni á sólarhring .

Eitthvað líkt þessu held ég að eigi sér stað þar sem spíritisminn er . Menn eiga svo afar erfitt með að flytja sína gömlu viðmiðun , sjálfan sig , til og setja annan í staðinn . Þegar t. d. hinn skyggni maður horfir eitthvað útyfir landslagið heima hjá sér og sér þá allt í einu fólk , þar sem ekkert fólk á að vera , bæi , þar sem enginn bær er og yfirleitt allt annað umhverfi heldur en er raunverulega á hans heimaslóðum þá hugsar hann : Það er til annar heimur hérna , hérna á sama stað og minn heimur er . Ég sé

hann, ég er að horfa á hann hérna fyrir framan mig og þess vegna hlýtur hann að vera hér . Alveg á sama hátt hugsaði maðurinn hér áður fyrr , þegar hann horfði á sólina rísa upp . Hann sagði , ég sé hérna sólina hækka á lofti , nú sé ég að hún hreyfist til vesturs og lækkar á lofti og nú hverfur hún út við sjóndeildarhring . Það er alveg auðséð hvað gerist , sólin snýst í kring um jörðina . Báða mennina vantar það sama til þess að eiga möguleika á að komast að rétttri niðurstöðu , komast að hinu sanna í málinu , nefnilega meiri nákvæmni í athugun, ýtrustu nákvæmni , auk sjálfstæðari hugsunar sem aftur leiðir af sér meiri víðsýni , þá kemur í ljós , að það sem virtist svo augljóst verður það ekki lengur . . Bein athugun fellur ekki lengur inn í það kerfi , sem maðurinn hafði gert sér .

Þrátt fyrir miklar gáfur og yfirgripsmikla menntun , hefði það ekki nægt Helga Pjeturss til þess að átta sig , ef ekki hefði auk þess komið til alveg einstaklega skörp athyglisgáfa . Að vera framúrskarandi nákvæmur og athugull en þó víðsýnn , voru aðferðir hans við rannsóknir , og án þess hefði hann ekki komið að hinu sanna eðli draumanna , þessara hversdagslegu

fyrirbæra , sem allir hafa upplifað frá örófi alda , alveg eins og sólarganginn . Og alveg eins var með Newton , hann athugaði hin allra hversdagslegustu fyrirbæri sem hugsast geta með meiri nákvæmni , skarpari athygli en áður hafði verið gert , og árangurinn varð eins og allir vita og það má bæta því við , að hin gamla og ranga heimsmynd Ptolemeusar var ekki alveg og endanlega röng talin fyrr en Newton hafði bent á hið mikla samband efnisheimsins , sem hann kallaði þyngdarlögmálið eða aðdráttarsambandið ,

Enég láí þeim mönnum ekkert , sem aðhyllast spíritismann , því að meðan skilningur á hinu mikla sambandi lífheimsins er ekki fyrir hendi , er ekki um annað að ræða en notast við hinn gamla andaheim fyrri alda , þó að gera þurfi á honum lagfæringar annað slagið til þess að nýrri og nákvæmari athuganir fyrirbæranna geti fallið inn í kerfið .

Ástandið í stjörnusambandsmálum er því ekki svo ólíkt ástandinu , þegar hin nýja heimsmynd stjörnufræðinnar var að taka við af hinni gömlu . Spurningin er aðeins þessi : Þarf það að taka jafnlangan tíma ? Það liðu tæp 150 ár milli höfuðrita Copernikusar og Newtons og ég

gæti vel trúað að að tvöfalda hefði mátt þann tíma ef Brúnó hefði ekki verið . Við , sem nú lifum erum einmitt stödd á þessu tímabili meiri breytingar á afstöðu mannsins til alheimsins en nokkru sinni fyrr . Og það sem er hlutverk okkar nýalssinna er að hjálpa til að þetta geti gerzt á sem allra stytstum tíma . Allt , sem við gerum , sem miðar að því að opna mönnum hinn nýalska skilning á lífi og tilveru , er spor í rétta átt . Nýalssinnar eru fólk , sem vill greiða götu hinnar nýju heimsskoðunnar . Og ég vil segja , að þeir sem hafa lesið Nýal , og þar eru sérstaklega mikilvægar ritgerðirnar : HIÐ MIKLA SAMBAND , LÍFGEISLAN OG MAGNAN , STJÖRNULÍFFRÆDI og loks ÖNNUR UPPGÖTVANASAGA , lesið þessar ritgerðir og skilið þær , hafa vissulega áttað sig á aðalatriðum hinnar nýju heimsskoðunnar og hve mikið er undir því komið að hún nái fram að ganga . Og það má í rauninni segja , að gætum við nýalssinnar fengið meiri hluta læsra Íslendinga til þess að gera þetta sama , þá væri sigurinn unninn , en því miður þá er það ekki svo auðvelt , allt þarf að haldast í hendur , almenn útbreiðsla kennin ganna og jafnhliða tilraunir til að útskýra fyrirburðina

betur en áður hefir verið gert . En við verðum samt að muna , að þó menn hafi áttað sig á aðalatriðunum , þá er ekki þar með sagt að menn geti útskýrt sérhvert fyrirbæri út frá hinum almenna skilningi nýalssinnans . Það var ekki af ástæðulausu að H. P. segir í Nýal e-ð á þá leið , að þegar menn fari að færa sér uppgötvanir hans í nyt muni verða meiri framfarir í skilningi á " dulrænum fyrirbærum " á 10 árum en á 10 þúsund árum áður . En það er einmitt það sem ekki hefir verið mögulegt ennþá , að færa sér í nyt uppgötvanir Nýals , því að ennþá erum við aðeins á byrjunarstigi hvað það snertir . Þess vegna verður það að teljast hreinn sjálfbirgingsháttur , þegar nýalssinni þykist geta útskýrt hvers konar fyrirburði út frá hinum almenna skilningi sínum . Slíkt miðar einungis að því , að vekja með mönnum tortryggni í garð alls þess , er nýalssinnar segja og gera . Við verðum að viðurkenna , að margir þeir fyrirburðir , sem gerast , bæði á miðilsfundum og hjá ýmsum einstaklingum , eru þannig að við getum lítt eða ekki skilið þá . Það , sem manni ber þá að gera er að nota sömu aðferðina og brautryðjendur hinnar nýju stjörnufræði , sömu aðferð og H. P. notaði sjálfur , en það er meiri

nákvæmni , en þó um leið víðsýni , en áður hefir tíðkæzt við athugun sömu fyrirburða eða sams konar . Samt skulum við gera okkur það alveg ljóst , hvað sem líður skýringum á hinum ýmsu fyrirbærum og fyrirburðum , þá skiptir auðvitað mestu máli að átta sig á aðalatriðum. Og við getum verið þess fullviss , að hin beztu vísindi þessarar jarðar hafa nú , með Nýal , reist glæsilegri og traustari byggingu mannlegs heimsskilnings en nokkur von stóð til hjá þessu mannkyni, og þó að þeir , sem hafa fengið þessa miklu byggingu til innréttingar , séu í flestu fákunnandi og ósammála , þá er öllu óhætt , því þó gera þurfi ýmsar lagfæringar á innréttingu þeirra með árunum , mun byggingin standa .

Eins og ég vék að hérna í upphafi , þá held ég að hin nýja stjörnufræði hafi átt svo erfiðan uppgang vegna þess , fyrst og fremst , að svo var ekki sem öllum sýndist, og svo auk þess þá virtust beinar athuganir koma heim og saman við það kerfi , sem menn bjuggu sér eftir því sem við virtist blasa .

Þeir vísindamenn sem H. P. kallaði tómhyggjumenn , neita allri tilvist annars en þess sem þeir geta heyrt , séð og þreifað á , og dugir það þó stundum ekki til , ef e-ð sem þeir

eru að athuga hegðar sér ekki eftir þeim eðlis-
lögumálum, sem þeir þekkja og telja sig skilja.
Þannig er að þeirra mati allt til um fyrirburði
og annað slíkt, þvættingur einn og t. d. svefn
og draumar er bara eins og sýnist, svefninn
hvíld og draumarnir hugarórar hins sofandi
manns og ekkert meir. Spíritistar segja að
fyrirburðirnir séu komnir frá andaheimi,
þessum heimi, sem svonefndir "dulrænar
menn" hafa séð og orðið varir við á ýmsan hátt,
en þessi heimur er, segja þeir, innan í eða
utanum okkar heim, af því að svo virðist hinum
skyggna þetta vera, guðspekingar tala hinsvegar
um "astral" heim, sem virðist vera nauða-
líkur andaheimi spíritista, og í þessum heimi
eiga menn svo að vera á sveimi í draumum
sínunum a. m. k. stundum, segja þeir og loks er
það svo fólk almennt, sem lætur sig þessi mál
nokkru skipta á annað borð, það vinglast svona
á milli allra þessara skoðana og er bæði guð-
spekingar og spíritistar og nokkurs konar tóm-
hyggjumenn, auk þess sem blandast svo saman
við allskonar trúartilhneigingar og trúarlegur
ótti. Það er eins og sumir séu að reyna að eiga
hlutabréf í öllum heimsskoðunum í þeirri von að
fá a. m. k. einhvern ágóða, þegar uppgjörið

kemur , því að einhver skoðunin hlýtur þó að reynast rétt . Þetta er allt í svo miklum hrærigraut , að til þess að greiða þar e-ð úr þurfti vitsnillinga á borð við H. P. , - að greina vit frá vitleysu og rétt frá röngu var hans erfiða verkefni og ég vil minna á orð hans um það hversu afar vandritað sé um drauma og hve það reynir á greind manna að rannsaka miðilstal og miðilsfyrirburði . En það , sem ég ætla nú hér að nefna og vil vekja alveg sérstaka eftirtekt á er þetta : Þó að draumaheimurinn , sem er allra , astral-heimur guðspekinga , andaheimur spíritista og vitranaheimur trúarleiðtoganna , sé allt saman einn og sami heimurinn nefnilega lífheimur hinna ýmsu hnatta stjörnuhópanna , þá eru sambandsáhrifin á milli svo margvísleg , að oft getur verið örðugt að greina hvað er héðan og hvað þaðan . Þetta er það sem gerir spíritistanum svo erfitt fyrir að átta sig . Stundum er það , sem hann sér á annari stjörnu , og hann sér það annaðhvort fyrir beinan sýngjafa eða vegna þáttar í fjarskyggni , en stundum er þetta sem hann sér hér á jörðu , eins og t. d. svipir , þó að það sem veldur , frumorsókin , kunnir að vera á annari stjörnu . Og þegar hinn ófreski finnur lítinn mun á þessu tvennu , þá er

alveg eðlilegt , að hann álykti sem svo , að allt sé þetta eins og það virðist vera . Hann er hér á jörð og sér þetta hér fyrir framan sig að því er honum finnst , nú þá hlýtur þetta allt saman að vera hér , hvernig sem á svo að skýra það , og þá er tekið til við að útlista andaheiminn .

Heimur af annari tíðni , innanum og saman við okkar heim , heimur sem engin leið er að skilja né sanna og þó heldur ekki svo auðvelt að afsanna , því að athuganir , sem framúrskarandi vísindamenn hafa gert virða st koma heim og saman við þetta andaheimskerfi . Og hvað er það þá sem er að . Það sem þessa ágætu menn vantar þrátt fyrir allt , er dálítið meira sjálfstæði í hugsun , meiri víðsýni , og svo enn meiri nákvæmni og athygli , þá kemur hið sanna í ljós , eins og gerðist þegar Helgi Þjeturss tók til að rannsaka hið forna dularsvæði , svefn og drauma .

Það er einkennilegt , að menn skuli segjast trúa og jafnvel skilja , að segul-, raf og ljós bylgjur geisli sér um allan alheim og geti gert verkanir sínar sýnilegar mönnum við rétt mót-tökuskilyrði, segjast skilja að þyngdarlögmálið eða aðdráttarsambandið stjórni göngu óra-fjarlæggra stjarna en segjast alls ekki skilja líf-

geislanina . Menn viðurkenna sem sagt hið mikla samband efnisheimsins en vilja þar undan skilja lífið sjálft . Lífið , sem er einmitt það sem gerði þeim kleift að skilja hið fyrnefnda . Hið mikla samband lífsins um allan alheim , það vilja menn ekki láta sér skiljast , heldur gera annað hvort að neita , hafna því , eða þá flýja með það út úr efnisheiminum og yfir í annan heim , sem enginn skilur og getur því hvorki sannað né afsannað . Eitt það fyrsta sem manni er kennt í eðlisfræðinni er það , að orka geti aldrei orðið að engu , aðeins breyti hún um mynd . Þetta virðist eiga við um allar tegundir orku , nema líforkuna , hún ein á að geta orðið að engu eða þá hvorfið út úr heiminum . Það er ekkert óskiljanlegra að sérstök geislan stafi frá hinu lifandi efni eins og hinu dauða og einmitt líklegast að sú geislan sé merkilegust í eðli .

Lífgeislan á sér stað um allan alheim og það verður að skiljast að áhrif , sem stafa frá henni , eiga upptök sín í þessum sama heimi , þessum óendanlega mikla og furðulega heimi óteljandi sólna og jarða , efnisheiminum , sem við við þekkjum . Fyrirbæri , sem stafa frá lífgeislan einhvers staðar frá og verða mönnum

(eða tækjum þeirra) skynjanleg , eru alveg eins af þessum heimi eins og fyrirbæri , sem stafa af öðrum orkutegundum , þótt orkuuppsprettan sjálf sé okkur ekki sýnileg eða skynjanleg . Það þarf ekkert frekar að fara með lífsambandsfyrirbæri yfir í annan heim , en hver önnur geislanarfyrirbæri . Annað mál er það , hvers vegna menn skynja þetta svona misjafnlega . En þegar við reynum að athuga og skilja þá er hollt að minnast orða H. P. um það að það sé " gagnstætt eðli vísindanna að leita í einhvern annan heim skýringa á fyrirburðum áður en þrautreynt er , hvort þær sé ekki að finna í þessum " . Og það er ekki hægt að segja að þrautreynt hafi verið að finna skýringar í þessum heimi , þegar undan eru skildar aðrar stjörnur , sólar og jarðir , svo milljörðum skiptir . En fyrir þá , sem hafa eitthvert horn í síðu efnishyggjunnar , skal það sagt , að hún getur bæði verið göfug og ógöfug og munurinn á því tvennu er eins mikill og munurinn á guði og djöfli , eins og sagt er í Nýabritunum .

Ég ætla svo að enda þessa "spjall" ritgerð á því að biðja menn , nýalssinna og aðra , að athuga það , þegar þeir verða varir við e-ð , sem þeir telja vera sambandsfyrirbæri , að

athuga vel og vandlega hvort skýringu á því
megi ekki finna hér á jörð , áður en leitað er
til annara stjarna . Mig langar að nefna hærna
eitt sérstakt fyrirbæri eða fyrirburð , sem
örðugt hefir reynzt að skýra og það eru hinir
svokölluðu svipir . Svipir manna hafa sést bæði
meðan þeir eru enn hér á jörð og eins eftir að
þeir hafa fluzt á aðra . Það , sem ég vil vekja
athygli á í því sambandi er þetta : Ef hinn
skyggni getur nálgast svipinn , ef hann hættir
að sjá svipinn loki hann augunum og ef engin
sjánleg eða skynjanleg breyting verður á
umhverfinu samfara því er svipurinn sést , þá
virðist óhjákvæmilegt annað en álykta sem svo
að svipurinn sé raunverulega hér á jörð. En
sé svo , hværnig stendur þá á því að engir aðrir
en hinn skyggni sér svipinn ? Læt ég nú lokið
þessum hugleiðingum en vil minna á , að ekki
verður of mikið úr því gert , hve mikilvægt
það er , að menn segi nákvæmlega frá , þegar
þeir upplifa fyrirburð , undir því er það komið
hvort finna megi hina réttu og eðlilegu skýringu .

K. N.

TILGANGUR SAMBANDSFUNDA FÉLAGS NÝALSSINNA

Á sambandsfundum leitum við sambanda við vini á öðrum stöðvum lífsins í alheimi .
Við leitum sambands við framliðna ættingja og vini til þess að fá vitneskju um hvernig þeim hafi farnast eftir brottför þeirra héðan af jörðu, hvers eðlis hið nýja líf þeirra sé og hvers við megum sjálf vænta þegar þar að kemur .
Einnig þykir okkur fróðlegt og skemmtilegt að fá samband við fyrri tíma menn , sérstaklega þá sem okkur eru að góðu kunnir úr sögu þjóðarinnar , einnig við annara þjóða menn .
Öll slík sambönd eru mjög æskileg og gegnleg bæði til styrktar þeim sem um sárt eiga að binda sökum ástvinamissis og til almenns fróðleiks .

En þó er hér um miklu meira að ræða en nú var talið , því höfuðtilgangurinn er sá að ná svo fullkomnum samböndum við öfluga góðvini annara lífstöðva , að með þeirra hjálp getum við orðið fær um að snúa stefnu lífsins hér á jörðu frá braut illinda og ófarsældar til stefnu friðar og farsældar . Og því er það að með þessari starfsemi er fyrst og fremst að því

stefnt að ná sambandi við svo fullkomnar lífverur annara hnatta , fullkomnar að vísu , styrk og góðvild , að réttara sé að tala þar frekar um guðakyn , heldur en mannkyn .

Engum dylst þó , allra síst nýalssinum , að lítið hefir enn þokast í áttina að því háleita markmiði sem hér var minnst á . Samt sem áður þykjumst við vita með vissu að hægt sé að ná þessu takmarki . Þá vissu höfum við öðlast með því að kynna okkur hinar náttúrufræðilegu kenningar dr. Helga Pjeturss um lífið í alheimi og lífsambandið milli stjarnanna , sem er að finna í því 6 binda ritsafni er Nýall nefnist .

Nú vilja sjálfsagt margir spyrja sem svo : Hvernig getið þið nýalssinnar verið svo vissir um að þessi kenning sé rétt , þar sem svo margar aðrar og ólíkar kenningar um sama efni hafa fram komið á ýmsum öldum , bornar fram miklum spámönnum, og þau margvíslegu trúarbrögð og trúarstofnanir sem upp af slíkum kenningum spruttu , hafa öðlast fylgi mikils mannfjölda og haldið velli öldum saman ? Fyrsta skilyrði til að geta svarað slíkri spurningu er að gera sér grein fyrir hver er munurinn á kenningum Nýals og trúarbrögðum yfirleitt .

Upphaf allra trúarbragða virðist ætíð vera á

Þá lund að fram kemur spámaður sem boðar meðbræðrum sínum einhverjar nýjar kenningar um tilveru guðs, lífið eftir dauðann og nauðsyn bættis líferniss manna, - kenningar sem margir slíkir spámenn álitu sjálfir að guð almattugur hefði falið þeim á hendur að boða öllum lýð. Margir slíkir boðendur hafa verið hin mestu göfugmenn og kryddað boðskap sinn hvatningum um bróðurkærleika og fagurt líferni. En þrátt fyrir fagrar kenningar spámanna og einlægan vilja margra til þess að tileinka sér þær og breyta samkvæmt þeim, þá hefir ævinlega farið svo að framferði manna hér á jörðu hefir í heild sinni ekki batnað svo að neinu nemi, þó greina megi þar skin milli skúra. Meira að segja verður að játa að á þeim tímum er trúar-áhrif voru sterkust og trúarstofnanir völdug - astar í Evrópu og þar með á Íslandi, var framferði manna og ástand allt með allra lakasta móti.

Það er þó augljóst að þessi hrapallegu mistök er á engan hátt hægt að rekja til upphafsmanna trúarbragðanna eða einlægra fylgismanna þeirra. En hvernig stendur þá á því að svo hörmulega hefir til tekist? Orsökina er fyrst og fremst að finna í þeirri staðreynd þa trúarbrögð hafa aldrei verið byggð á nægilegri þekkingu og

þekkingarleit hefir aldrei verið á stefnuskrá hinna völdugu trúarstofnana . Hvað þau trúarbrögð snertir sem við þekkjum best , kristindóminn , þá er það alkunna að boðskapur þess átrúnaðar um lífið hér á jörðu og framhald þess eftir dauðann , er byggður á ævafornum og löngu úreltum hugmyndum um þau efni , sem valdamenn kirkjunnar hafa haldið í dauðahaldi allt fram á okkar daga , oft með mjög skuggalegum aðferðum og ofsóknum á hendur þeim sem boðuðu ný sannindi eða jafnvel aðeins létu í ljósi efasemdir um réttmæti ríkjandi kennisetninga . Þannig hefir farið um allar þær fjöldahreyfingar sem vaxið hafa upp af boðskap spámanna og annar hugsjónamanna . Spillingaröfl hafa náð þar yfirráðum og snúið framvindu lífsins í gagnstæða átt við það sem til var stefnt í byrjun. Og engin spilling er eins háskaleg og spilling hugarfarsins , eða mengun , eins og slíkt er nú oftast nefnt , því hin hugarfarslega mengun er gerandi allrar annarar mengunar .

Öldum saman og allt fram á okkar daga hefir það verið ríkjandi skoðun kirkjunnar manna að jörð okkar væri hið eina heimkynni jarðlífs í alheimi , en eftir dauðann héldi lífið áfram á tveim stöðum í næsta nágrenni jarðarinnar eða

fast við hana , annar staðurinn góður , hinn
illur . Betri staðurinn átti að vera uppi á svo-
kallaðri festingu himinsins , sem helst var svo
að skilja að væri efniskennt hvolfþak yfir jörð-
inni . Verri staðurinn var hins vegar talinn
vera undir jörðunni og virtist gert ráð fyrir að
jörðin stæði kyrr á fastri undirstöðu . Þegar
svo þessar fornu hugmyndir urðu loks að þoka
fyrir nokkurri aukinni þekkingu manna á næsta
nágrenni jarðarinnar í himingeimnum og þar
varð ekki lengur fast undir fótum , var gripið
til hinna þokukenndu hugmynda um andleg svið
framlífsins umhverfis jörðina og jafnvel niður
fyrir yfirborð hennar . Og með því að engin
leið var til þess að samræma þetta þekkingu
manna á nokkurn hátt , var búin til kennisetn-
ingin um fjórðu vídd og fleira í þeim dúr sem
gera átti þessar ímynduðu framlífsstöðvar jafn
óhlutkenndar fyrir jarðarbúum og tómarúmið
sjálft . Hér er því tæpast um það að ræða að
miðað hafi í átt til þekkingar , heldur mætti
miklu frekar segja að seglum hafi verið ekið
eftir vindi en heildarstefnu ekki breytt .

Er þá komið að því að hugleiða kenningar
Nýals um eðli lífsins og framhald þess eftir
dauðann , til samanburðar við það sem trúar -

brögð kenna um hið sama . Grundvallarregla
allrar þekkingarleitar er sú að byggja á þeirri
reynslu sem áður er fengin og staðist hefur
allar prófanir . Samkvæmt þeirri reglu eru
heimspekikenningar H. P. uppbyggðar . Þær eru
grundvallaðar á hinum þekktu og óumdeildu
niðurstöðum náttúruvísindanna og beint fram-
hald af þeim , eins og þeim fræðum var komið
upp úr síðustu aldamótum .

Uppgötvanir Helga Pjeturss á eðli svefnis og
drauma og lífsbandinu á milli stjarnanna eru
þannig í beinu framhaldi af uppgötvunum fyrri
alda vísindamanna . Þeim tókst að afla sér tals-
verðrar þekkingar á stjörnugrúa alheimsins og
eðli hans . Þeir uppgötvuðu þyngdarlögmálið og
þar með aðdráttarsamband það milli hnattanna
sem stýrir göngu þeirra um himingeiminn og
þeim tókst að finna aðferðir til að greina efna-
samsetningu fjarlæggra hnatta , Í stuttu máli sagt:
Fyrri tíma menn uppgötvuðu sambandseðli efnis-
ins í alheimi , - Helgi Pjeturss hélt þar áfram
og uppgötvaði alsamband hins meðvitaða og
stefnumótandi lífs . Mun sú uppgötvun valda
hinum heillavænlegustu aldahvörfum hér á jörðu
og sennilega víðar , þegar hún verður þegin af
jarðarbúum .

Kenningum Nýals um lífið í alheimi og líf-
sambandið milli stjarnanna verða ekki gerð
nein veruleg skil í stuttri grein, en hér verður
aðeins dregið á nokkur atriði til frekari skýringa
á því sem áður er sagt um þau mál.

Undirstaða alls lífs er efnið. Alveg eins og
lífið hé á jörðu er efnistengt og óhugsandi á
annan veg, eins er því farið á óteljandi öðrum
jarðstjörnum. Skilyrði til lífs er hvergi að
finna í hinum helkalda geimi á milli stjarnanna.
Framhald lífs okkar jarðarbúa og annara frum-
lífsjarða er á öðrum hnöttum. Það er líkamlegt
líf og jafn efnisbundið og lífið hér á jörðu, en
það getur verið stórum fegurra og þroskavæn-
legra og hefir í sér fólgin möguleika til enn
meiri fullkomunar í framtíðinni og flutning til
enn betri staða. Lífið er á mjög mismunandi
þróunarstigum á hinum ýmsu lífstöðvum.
Sumstaðar hefir það náð svo mikilli fullkomun
að við jarðarbúar getum tæpast gert okkur slíkt
í hugarlund. Annars staðar er það ekki komið á
framfaraleið, svo sem á okkar jörð og fjölda
annara. Og mörg þróunarstig eru þar á milli.
Einnig eru til ófáar lífstöðvar þar sem ástandið
er enn verra en á okkar jörð. Sérhver lífvera
geislar frá sér orku nokkurri sem við köllum

lífgeislan . Með lífgeislanum berast hugsanir og áhrif frá hinum lifandi verum til annara lifenda alheimsins og hver lífvera leitast þannig við að hafa áhrif á aðrar og gera þær sér líkar í hugsun og atferli . Því máttugri sem lífveran er því meiri möguleika hefir hún til að hafa áhrif á aðrar sér ómáttugri , og gildir þá sama hvort sú vera er góð eða ill . Því eins og hinar göfugu mannverur ná stöðugt meir fullkomnun í hinu góða " eftir því sem þær komast lengra í því að vera meðlifendum sínum til góðs , en aldrei til ills " eins geta íbúar hinna illu framlífsjarða haldið áfram að magnast í hinu illa : Hraði lífgeislans er slíkur að hann fer þær vegalengdir á andartaki sem ljósgeislinn er þúsundir og milljónir ára að komast . Þannig er lífgeislinn stöðugur farvegur til okkar jarðarbúa frá lifendum annara hnatta , bæði góðum og illum , sem leggja á það hina mestu áherslu að beina lífi okkar í þá átt sem ríkjandi er í þeirra heimkynnum . Á þann hátt leitast hinar göfugu lífverur við að beina lífi okkar inn á braut friðar, farsældar og kærleika , en frá hinum illu stöðum er unnið af alefli gegn slíkri viðleitni og reynt að viðhalda hér og auka sem mest illindi og hvers kyns óhæfuverk .

Af þessu má ljóst vera hversu afar áríðandi er að efla og bæta samband okkar við hina fullkonnari lifendur hinna góðu lífstöðva , sem svo mikinn hug hafa á því að verða okkur að liði . Og að sama skapi er það hin mesta nauðsyn að bægja frá okkur áhrifum hinna illu staða . Ekkert verkefni er mikilvægara . Það verður þó aldrei af hendi leyst til fullnustu nema miklu fleiri leggi þar lið sitt til en verið hefir til þessa . Með sambandstilraunum og annari skyldri starfsemi erum við að hefja þetta mikla björgunarstarf . Og ef allir þeir sem nú þegar hafa skilið mikilvægi málsins leggja sig af alhug fram við að vinna því gagn , má vænta þess að svo margir komi þar til liðs í náinni framtíð að þetta stórkostlega björgunarstarf heppnist .

Skilyrði þess að vel geti tekist á sambandsfundum er að allir þátttakendur séu sem mest og best samhuga , á þann hátt að hver og einn hafi sem öruggast traust á sambandinu , leggi sig af alhug fram við að taka á móti þeirri sambandsorku sem okkur er send og hugsji jafnframt með velvild til allra hinna sem fundinn sitja með honum . Gerum nú öll okkar besta til þess að tilraunir þessar megi vel takast .

H . G .

NOKKRIR, SEM EIGI ÞÖGÐU.

Það er nýalssinum kunnara en frá þurfi að segja, hversu ótrúlega tregir menn hafa verið til þess að tjá sig opinberlega um Nýal og höfund hans. Er þetta því óskiljanlegra, sem svo virðist, ef dæma skal eftir þeim fáu greinum, sem þó birtust um Nýal á sínum tíma, að hann hafi vakið mikla athygli og er talað um, að allir landsmenn þekki vel til Helga Þjeturss og rita hans.

En hafi lítið verið um undirtektir, hér fyrr á árum, hvað skal þá segja um hin síðari ár? Því er fljótsvarað. Í hópi áhrifamanna þjóðarinnar og í hópi þeirra manna, sem af ýmsum ástæðum mega kallast þekktir menn, er alls ekki um neinar undirtektir að ræða, a. m. k. ekki opinberar.

Aðeins örsjaldan ber það við, að Nýall eða H. P. séu nefndir á nafn í bókum eða fjölmiðlum, ef undan er skilin starfsemi nýalssinna. En þessi torskilda þögn allra kunnra manna um Nýal gefur alls ekki rétta hugmynd um afstöðu þeirra til hans, því að ég get dæmt um af eigin raun, að fjöldamargir vel menntaðir menn, sem ég hef átt orðastað við, hafa fúslega kannast við,

að þeir þekktu vel til verka Helga Pjeturss og teldu þar um að ræða mjög merkilegt mál og allrar athygli vert, en um opinberan stuðning af hálfu þessara manna fara engar sögur.

Það er því nýalssinum óblandið gleðiefni, að samt skuli hafa fyrirfundizt menn, og það sumir vel kunnir, sem lögðu í það hér áður fyrr að tjá sig um þetta mál allt, og það ýmist með eða móti, þó sjaldnar á móti. En það mega menn vita, að gagnrýni á Nýal og önnur rit H. P., er ekki síður vel þegin meðal nýalssinna en lof-ræður og lofskrif, því að hvernig á að rökræða eitthvert mál, ef menn fást ekki til að tjá sig um það, hvorki í ræðu né riti?

Þetta hefur því miður svo sjaldan borið við í seinni tíð, að þeir, sem eru að kynnast þessum málum núna, gætu vel haldið, að slíkt væri með öllu óþekkt.

Þess vegna hefur það orðið að ráði að birta hér nokkrar greinar eða hluta úr greinum, sem birzt hafa í ýmsum blöðum og tímaritum í gegnum árin og sýna, að til voru menn, sem sýndu drengilega viðleitni til að vekja athygli á kenn-ingum dr. Helga Pjeturss og einnig því, við hversu erfið kjör og skilyrði hann varð að vinna hið mikla verk sitt.

Hér fara á eftir nokkur sýnishorn í nokkurn
veginn þeirri tímaröð, sem þau birtust.

K. N.

1. Ísafold 1. des. 1919.

Dr. Helgi Pjeturss er einn þeirra fáu manna
hér á Íslandi, sem reyna að hugsa heimspeki-
lega, enda eru kjör hans eftir því - naumur
styrkur, veittur með eftirtölum. Má og ef til
vill síst búast við því, að almenningi aukist
skilningur á nytsemi og tilverurétti slíks manns,
er hann hverfur að nokkru frá sinni eiginlegu
vísindagrein, jarðfræðinni, sem hefur þó á sér
opinberan stimpil sem "valinkunn sóma-vísinda-
grein" - og tekur að fást við heimspeki og
"himinspeki", og það á þann hátt, að líklegt er
að sæti miklum andmælum hvaðanæva. Því að
frumlegur er Helgi og fer sjálfs sín götur, en
ekki annarra; er slíkt ekki vinsælt, og reynist
þeim mönnum oft örðug færðin í klofsnjó hugs-
unarleysisins og gegn hríðarveðri andúðarinnar.

Jakob Jóh. Smári

2. Lögrétta 27. apríl 1921.

Helgi Pjeturss, Nýall og kenningar hans.

Að skrifa og skrafa mikið og margt um

Þessa þrenning væri gaman, og ef vel væri, að nokkru gagni líklega einnig. En til þess er ekki tími nje tækifæri hjer eða nú, og það heldur ekki tilgangurinn með þessum línum. Að eins langar mig til að láta uppi undrun mína og jafnvel gremju yfir því, að enginn af öllum okkar mörgu riturum og ritdómurum, sem tímann og tækifæri hafa, skuli hafa gert þetta ítarlega. Og um leið bent á eða vakið athygli alþjóðar á, að hjer er um að rita og ræða einn hinn einkenni-legasta og merkilegasta rithöfund, vísindamann og heimspeking, og bók og kenningar, er merkari og betri má telja en flest annað, sem fram hefur komið í óralangan tíma í bókmenntum og siðfræðum hjer á landi og þótt víðar væri leitað. Jeg fyrir mitt leyti tel Helga Þjeturss svo stórmerkan, góðan og nýtan mann, og Nýal og samkynja ritgerðir og kenningar svo íhugunarverðar, siðferðilegar og hollar, að eigi megí lengur alveg þegja við nje fyrirlíta, og höfundur þessi og rit hans þess virði, að hann megí eigi, nje þau, lengur vera sem falinn gimsteinn í sorpi hirðuleysis og lítilsvirðingar hjá hans eigin þjóð. Hún ætti miklu fremur að miklast af slíkum höfundi og heimspeki hans, og telja sér metnað og frægð í því að gera hann og kenning

hans kunna í heiminum, og hjálpa til þess með fjárframlagi til að koma sem fyrst og best Nýali og framhaldi hans út á fjöllesið útlent mál....

Prestur í sveit.

3. Ísafold 1921, 20. tölublað.

...Grein prestsins ber vott um frjálsslyndi og víðsýni, sem ávalt er unun að heyra, en ekki síst frá prestastéttinni. Hafið heiður og þökk fyrir, prestur. Eg get skrifað undir hvert orð í grein yðar. Eg er þeirrar skoðunar, að í Dr. Helga Pjeturss eigum vér meiri og betri mann, en fólk almennt gerir sér hugmynd um. Dr. Helgi er óvenjulegum gáfum gæddur, djúpvitur heimspekingur, sem eflaust væri orðinn frægur maður, hefði hann lifað meðal stórbjóðanna.

Hann er þungskilinn á köflum, og til þess að fylgjast með honum, útheimtist mikil hugsun. Það er því ekki að furða, þótt ýmsum, sem ekki eru vanir að hugsa um andlega hluti, þyki hann torskilinn; en hinum, sem gefa sér tíma til að íhuga ráðgátur tilverunnar, þeim er óblandin ánægja að lesa rit hans

Til eru menn, sem álíta að Dr. Helgi Pjeturss sé ekki með öllu viti; þetta stafar af

af því hvernig hann ritar. Það er nú svo um ýms andans mikilmenni, sem lifað hafa hér á jörðunni, að þeir hafa alloft mætt slíkum dómum. Dr. Helgi er eins og margir slíkir menn, að hann fer ekki ávalt þjóðveginn. Hann er frumlegur og einkennilegur, en hann ritar íslenska tungu svo vel, að fáir standa honum þar frammar.

...

Læknir.

4. Eimreiðin 1922, bls. 187.

... Margt verða menn að háfa í huga þegar þeir lesa slíka bók sem Nýal. Fyrst er það, að sannleikurinn heldur fullu gildi sínu, þótt í fylgd hans sé að eins einn maður. Ef speki Nýals væri borin fram af nokkrum miljónum, þá nyti hún vafalaust mikillar lotningar. Nú á hún við það að stríða, að menn vita ekki hvort hún verður "móðins" eða ekki, því að hún er ný, og að eins einn maður ber hana fram.

Annað er það, hvort ekki sé dálítill mótsögn í því, að það, sem skrifað er um af frábærri snild, lærdómi og gáfum, sé sjálft heimska og vanþekking.

Þriðja er það, þótt margt sé vafasamt í útfærslu einhverrar kenningar, getur hún sjálf verið rétt. Eg hefi heyrt að fæst af því sem

Kóperníkus skrifaði væri rétt, því að athuganir hans voru ekki nákvæmar, en kenning hans er jafn rétt fyrir því. Líkt einnig um Darwin. Það þarf í öllu að skilja kjarnann frá hýðinu og lesa með samúð, því að lesa með samúð er að lesa vel....

M. J.

5. GRÖS. Ljóð og stökur eftir Grétar Fells. 3., 4. og 5. erindi úr kvæðinu Helgi Péturss, 50 ára afmæli. (1922).

Sameina viltu - ei sundra;
þín sál er ei tvístruð, deild.
Þú alheimsins undur tengir
í eina samræna heild.

Lát anda þinn hefjast hærra,
ef hærra er unnt að ná,
og hnattanna samklið hlera
og hjartnanna duldu þrá.

Lát anda þinn ofar líða
og áfram - til meira hróss.
Ger Ísland að "afsvæði" friðar
og einingar, frelsis og ljóss.

6. Freyr, Winnipeg, Febrúar, 1925.

1. erindi úr kvæðinu Til Helga Péturss dr. phil.
eftir S. B. Benedictsson.

Þinn hugur háar leiðir
um himinvegu fer
og sannleik götu greiðir
þú guð í anda sér.
Í ást til allra manna
þú æðstu þræðir braut
þess göfga, góða og sanna,
í gegnum sorg og þraut.

7. Morgunblaðið 2. apríl 1922.

... Hugprýði þarf til þess að leggja út á
braut vísindanna hér á landi, en meiri hugprýði
þarf til þess að halda áfram, þegar nálega alt
bregst, en mesta hugprýði þarf til þess að leggja
sjálfan sig, starf sitt og vonir undir atkvæði al-
þingismanna á hverju ári. Jeg hefi því hugprýð-
ina einkum í huga, er jeg mæli fyrir minni
Helga Pjeturssonar.

Hann hefir unnið svo merkilegt verk í jarð-
fræðisrannsóknnum sínum, að vel hefði mátt end-
ast honum til heimsfrægðar, ef hann hefði verið
alinn af stærri þjóð og ef hann hefði fengið fjár-
styrk nægan til þess að halda því verki áfram

meðan hann hafði óskerta heilsu og krafta.

En þótt margt hafi móti blásið og verið erfitt og andstætt, þá hefir eigi bilað trú hans á mátt og mannkosti þjóðarinnar....

Bjarni Jónsson, alþm. frá Vogu.

8. Eimreiðin 1927, bls. 235.

Í bók þeirri er Nýall heitir, og jafnan mun talin verða meðal ágætustu bóka Íslenzkra, er ritgerð um stjörnulíffræði (Astrobiology), sem bregður merkilegu ljósi yfir margt það, sem furðulegt er að gerast í sálarlífsrannsóknum nútímans. Þetta munu þeir finna, sem lesa Nýal oft og með athygli, og þá einnig ritgerðina, sem hér var nefnd. En Nýall er vandlesinn, og ekki opnaðist mér til fulls ágæti þeirrar bókar fyr en ég las hana að nýju nú í sumar, er ég dvaldi uppi í óbygðum um tíma í tjaldi með tveim vinum mínum. Og þó er það ekki greindarskortir Íslenzkra lesenda eingöngu um að kenna, hve seinir þeir eru oft að átta sig á gildi þess, sem hugsað er og ritað af Íslendingum. Þar kemur einnig til greina svo megn vantrú á því, sem Íslenzkt er, að lamað getur skilninginn og komið í veg fyrir alla athygli. Leitum vér því stundum fremur til annara þjóða manna um

skýringar á torskildum viðfangsefnum, en til vorra eigin snillinga, sem þó eru til. Er þetta eitt af ömurlegum einkennum þjóðar, sem hefur kúgast látið og er ekki en vöknuð til meðvitundar um gildi sitt.

Sveinn Sigurðsson, ritstjóri.

9. Vilji, 5. tölubl., okt. 1928.

.... Tilgangur greinarkorns þessa er aðallega sá að veita þeim lesendum "Vilja", sem ekki hafa kynt sjer vísindaskoðun dr. Helga Pjeturss, ofurlitla nasasjón af þeim stórmerklegu og frumlegu rannsóknum, sem hann hefir sett fram í bók sinni Nýal, þessari sannkölluðu "sigurbók vísindanna". Bókin hefir að geyma það fjölþætt vísindi, að meiri þekkingu en hjer er til að dreifa þarf til þess, að þannig sje með farið, að ekkert kunni að aflagast. En ef línur þessar gætu orðið einhverjum hvöt til að kynna sjer þessa heimskoðun, er takmarki þeirra fullkomlega náð.

Pjetur Ó. Johnson.

10. Morgunblaðið 27. okt. 1929.

... Eigi hugsanir að flytjast hnatta í milli, verða þær að flytjast með einhverskonar bylgj-

um. Nú eru ljóssveiflurnar einu skeytin, það vjer vitum, sem berast hnatta í milli. Og ljósið er mesti hraðboðinn, sem vjer þekkjum; fer þrjú hundruð þúsund kílómetra á sekúndu. Það er ekki ómerkari maður en Einstein, sem hefir sagt, að þetta sje sá mesti hraði, sem mögulegur sje á fýsiska vísu. Nú er ljósið liðlega 1 sekúndu frá tungli til jarðar, 8 mínútur frá sólu, 8 stundir út úr sólkerfi voru, liðug 4 ár til næstu sólar, 10 ár til Procyons og yfir 300 ár alla leið til Óríons, svo að ekki sje lengra farið.

Segjum nú, að hugsanir geti flutst hnatta í milli með ljóssins hraða - en meiri hraði þekki ekki - hvernig getur þá dr. H.P. fengið svör af miðilsmunni frá Jónasi Hallgrímssyni, sem H.P. fullyrkti hjer um árið að lifði í holdinu, ekki í okkar sólkerfi, heldur í alt öðru sólhverfi, - hvernig getur hann, spyr jeg, fengið svörin frá honum svo að segja á samri stund? Sjeu hugaröldurnar "fýsiskar" öldur, sem þær hljóta að vera eftir kenningum H.P., þá leyfi jeg mjer að nefna það fjarstæðu, að þær fari það á 10 sek. eða jafnvel 10 mín., sem ljósið, mesti hraðboðinn, sem við þekkjum, fer minst á 4-10 árum.

Jeg vildi óska, að dr. H.P. ljeti sjer skiljast

það, að það er ekki af neinum persónulegum kala til hans eða "fyrirframsannfæringu", eins og hann sjálfur orðar það, þótt menn geti ekki fallist á allar kenningar hans, heldur beinlínis af því, að rökrjett, heilbrigð hugsun bannar manni það.

Og það ætla jeg að segja honum síðastra orða, að það er enginn moldvörpuháttur, þótt maður vilji ekki fara með staðlausa stafi, það ber frekar vott um andlegan heiðarleik.

Hinu skal hann ekki bera neinn kvíðboga fyrir, að jeg byrgi nemendum mínum sýn á nokkuð það, sem hefir einhvern möguleika í sjer fólgin til þess að reynast satt og rjett.

Ágúst H. Bjarnason.

11. Skeggi, 12. febr. 1927.

...Einn vísindamann eigum vér Íslendingar, er gert hefur það að takmarki sínu að leysa gátuna miklu. Og hann hefur fundið lausn, sem að minni hyggju er hin gáfulegasta, sem enn hefur komið fram, og ber á sér flest merki sannleikans. Og með fullum skilning á kröfum sinnar samtíðar, hefur hann valið vísindaleiðina, og byggir hann niðurstöður sínar bæði á eigin athugun og rannsóknum og vísindalegum

samanburði. Þessi íslenzki vísindamaður er Dr. Helgi Péturss. Hann hefur fært rök fyrir kenningum sínum og lýst þeim í bók sinni Nýal, er kom út fyrir fáum árum (1919-20). "Nýall þýðir sá sem flytur hið nýja". Bók þessi vakti að vonum mikla athygli allra hugsandi manna, sem lásu hana hleypidómalaust. Og hróður hennar er að verða meiri og meiri. Víslesin erlend tímarit hafa birt útdrætti úr henni og höfundur hennar hefur sambönd við merka vísindamenn vísvegar á hnattinum, sem hlusta með eftirvæntingu á orð hans.

Eg tel rétt að fara nokkrum orðum um lær-dómsferil Dr. Helga Péturss til þess að þeir sem honum eru lítt kunnugir megji sjá, hve mikil ólíkindi eru á því, að hann kasti fram órökstuddum skoðunum eða fari með staðlausa stafi.....

Guðni Jónsson.

12. Íslenzk stefna, 1. tbl., mars 1952, bls. 18.

Mér hefur lengi leikið hugur á að vekja athygli á hinum stórmerku rannsóknum dr. Helga Pjeturss á eðli drauma. Þó að hann hafi varið miklum hluta æfi sinnar til þeirra rannsókna

varð honum ekki meira ágengt en svo, að að-
eins örfáir menn hafa tekið hann alvarlega, og
reynt að kryfja þær til mergjar. Þeir sem
vegna lærdóms og sérþekkingar á þessu sviði
standa bezt að vígi að gagnrýna þær, eða leggja
á þær blessun sína, hafa aldrei, svo ég viti,
getið þeirra opinberlega, og skýringin er nær-
tæk. Niðurstöður hans eru svo nýstárlegar, svo
óvæntar, svo stórkostlegs eðlis, að ef þær reyn-
ast réttar, hefst hvorki meira né minna en byl-
ting í þekkingarsögu mannkynsins. Ótal mörgu,
sem hingað til hefur verið álitit góð og gild
vísindi, verður að varpa fyrir borð en hinn nýi
rannsóknargrundvöllur, sem fundinn er, mun
varpa ljósi yfir margt hið torskildasta í ríki
náttúrunnar. Það er ekki að undra þó að slík-
um hlutum sé dauflega tekið, enda virðist mér
að ætlunin sé sú að þegja þessar rannsóknir dr.
H. P. á eðli drauma í hel. - Tilgangurinn með
þessum línum er að reyna að gera sem gleggsta
grein fyrir hverjar þessar rannsóknir og niður-
stöður eru, ef verða mætti til þess að vekja menn
til umhugsunar um þetta stórmerka mál....

Grímur.

(Eyþór Gunnarsson, læknir)

Tilvitnanir þessar úr greinum um dr. H. P. og verk hans , ásamt fleiru í riti þessu , eru fengnar úr safni , sem Elsa G. Vilmundardóttir og Samúel D. Jónsson hafa tekið saman .

Þessi sýnishorn nægja til þess að sýna , að menn úr öllum stöðum þjóðfélagsins geta skrifað um Nýal . Þarna er um að ræða menn úr presta- og læknastétt , prófessora , skáld og rithöfunda .

Mér finnst mikið til þess koma , að prófessorarnir , Magnús Jónsson , Guðni Jónsson og Ágúst H. Bjarnason skuli hafa ritað um Nýal og sett nöfn sín undir , því að það er auðvitað augljóst mál , að greinar undirritaðar með nafni hafa miklu meiri áhrif heldur en hinar , þar sem höf. notar dulnefni eða stöðuheiti aðeins . En því miður er það afarsjaldan , að slíkt sem þetta sjáist á prenti nú á dögum .

Ég ætla svo aðeins að bæta því við , að grein próf. Ágúst's er skemmtileg undantekning frá þeirri reglu manna að móta afstöðu sína til Nýals með þögn og sleggjudómum . Gagnrýni er aðeins til styrktar , hverju því máli sem er á rökum byggt og skerpir skilning manns á því sem máli skiptir í hverri kenningu .

K. N.

ÚR KENNINGUM SPÍRITISTA

Það virðist vera allútbreiddur misskilningur meðal manna , að spíritistar álíti að í framlífi séu menn líkamalausir . Hið rétta er að þeir segja , að í framlífi hafi menn fíngerðari líkama og sem geti farið í gegnum hið jarðneska efni , án fyrirstöðu , en að á sínu sviði sé hinum framliðna allt jafn raunverulegt og það var hér á jörð .

Spíritistar trúa því að til séu aðrir byggðir hnettir í geimnum , og það óteljandi , en þeir trúa ekki á framlíf á öðrum hnöttum , heldur við aðra hnetti . Menn , sem eru héðan af jörð eru í framlífi , segja þeir , við jörðina á öðru sviði , í heimi sem er af annari tíðni en hinn jarðneski heimur , fíngerðari efnisheimi . Þegar hinir framliðnu hafa svo náð tilteknum þroska , geta þeir fluzt uppá enn hærra svið , enn fíngerðari efnisheim . Þá má enn fremur finna í ritum spíritista lýsingar á því að háþroskaðar verur frá öðrum hnöttum hafi birzt á miðilsfundum hér á jörð , en það eru ekki verur frá sjálfum jarðstjörnunum , heldur frá sviðum við aðrar jarðstjörnur . Þeir , sem langt eru komnir á þroskabrautinni

geta ferðast til annara hnatta , en það gerist samt allt í öðru efni en hinu jarðneska , hvort heldur er á þessari eða öðrum , þeir (hinir framliðnu) eru farnir út úr efnisheimi þessa heims og komnir fram í efnisheimi annarar tíðni og ennars eðlis en okkar heimur er , það er í þessum mikla mun , sem greinir verulega á milli kenninga Nýals og þeirra . Þar sem Nýall kennir að allt efni sé sama eðlis og framlíf ið sé á öðrum jörðum þessa sama efnisheims , þá kenna spíritistar að allt framlíf , bæði þessarar jarðar og annara jarða , sé í fíngerðara efnisheimi annarar tíðni og annars eðlis en þessi heimur okkar er .

Með þetta til athugunar skulum við nú líta á hvaða ályktun má draga af því , sem spíritistar hérlandis hafa látið í ljósi í viðskiptum við nýalssinna .

Eitt sinn er spíritistar og nýalssinnar áttu með sér fund í Keflavík , í boði sálarrannsóknafélags Keflavíkur , var spurt um það hvort þeir sálarrannsóknamenn tækju mark á svokölluðum sýnum skyggna manna , hvort þeir teldu þær byggðar á raunveruleik eða ekki . Nefnt var sem dæmi , að sæi t. d. maður eins og Hafsteinn miðill fólk og bæi og fjöll , sem hann lýsti og

teldi vera frá heimi framliðinna , hvort þetta sem hann sæi væri raunverulega einhversstaðar eða hvort þetta værialt saman tákmyndir og ætti sér engan stað í raun . Þessu var svarað þannig , að um raunverulegar sýnir til bústaða framliðinna væri að ræða . Þá var spurt , hvað ætti að segja um eftirfarandi lýsingu Hafsteins Björnssonar , sem birt var í bók Elínborgar Lárusdóttur , " Miðillinn , Hafsteinn Björnsson" frá því 1946 , en þar segir svo " Ég sá spegilsléttan hafflöt , sólgylltan , svo langt sem augað eygði . Mér fannst sem ég stæði út á nesodda . Dótti mér alleinkennilegt að sjá tvær sólar á lofti í einu , aðra sem var að ganga til viðar í vestri en hin var að koma upp í austri . Ég tók nú eftir litlum báti , sem kom á fleygi - ferð utan af hafinu . Hann beygði fyrir nesið og stefndi upp að vogskorinni strönd og lenti í litlum vogi . Niður við sjóinn sá ég fjölda manna , sem virtust vera að taka á móti þeim , sem í bátnum voru " . " Hvað vilja nú sálar - rannsóknamenn , segja um sýn þessa ? " , var spurt , " þar sem hinn skyggni sér tvær sólar á lofti í einu ? " . Ekki varð greitt um svör hjá þeim félögum , en um síðir , eftir að spurningin hafði verið ítrekuð , svöruðu þeir því til , að

enda þótt sumar sýnir manna yrði að rekja út fyrir okkar sólhverfi, þá þýddi það ekki það sem við vildum að það þýddi, að hinir framliðnu væru komnir fram á öðrum hnetti í öðru sólhverfi heldur væri um að ræða hin andlegu svið við annan hnött í öðru sólhverfi, en hvers vegna þessir íslenzku sjómenn koma þannig fram í öðru sólhverfi en okkar, áttu þeir engin svör, það ég man eftir. Samkvæmt þeirra eigin kenningum hefði verið eðlilegra, að þeir hefðu komið fram á þessu öðru sviði við jörðina.

Ekki löngu síðar en þetta, komu tveir þekktir sálarrannsóknamenn fram í þættinum Bein Lína, og svöruðu spurningum í útvarp. Þar var spurt um það hvaða mann sögunnar þeir teldu vera mesta sjáanda allra tíma, og svaraði þá annar þeirra, að hann teldi, að af þeim sjáendum, sem kunnugt væri um, væri Swedenborg sá mesti.

Í ljósi þess, sem hér er á undan ritað, er fróðlegt að sjá, hvað Swedenborg, sem telja verður einn hinn mesta spíritista, sem uppi hefur verið hér á jörð, hefur að segja um framliðna og bústaði þeirra.

Í hinni lítt þekktu og alltof vanmetnu bók hans "EARTHS IN THE UNIVERSE",

segir svo á bls. 1 " It is necessary that it be known that all spirits and angels are from the human race ^{a)}, and that they are near their own earths ^{b)}, and are acquainted with what is upon them , - and that a man may be instructed by them , if his interiors are so far opened as to enable him to speak and be in company with them : for man in his essence is a spirit , and is in company with spirits as to his interiors , - wherefor he whose interiors are opened by the Lord , is able to speak with as man with man . It has now been granted me to enjoy this privilege for twelve years daily " .

" a) There are no spirits and angels who are not from the human race .

b) The spirits of every earth are near their own earth , because they are of its inhabitants and of a similar genius , - and they are meant to be of service to them " .

Ég ætla nú að þýða þess tilvitnun á íslenzku og benda á nokkur atriði í því sambandi , en vil geta þess að fleiri neðanmáls skýringar eru með þessum hluta greinarinnar , eða kaflans , en ég læt þessar tvær nægja , af því hinar snerta ekki það , sem ég ætla hér að gera að íhugunar-efni , en hver sem vill getur flett upp í bókinni .

Hefst þá þýðingin : " Það er nauðsynlegt að menn viti , að allir andar og englar eru komnir frá mannkyninu ^{a)} , og að þeir eru nærri sinni eigin jörð ^{b)} , og er kunnugt um hvað er á þeim (eða öllu frekar , erutengdir lífinu á þeim) , - og að þeir geta leiðbeint manningum , ef hans innri maður er svo þroskaður , að hann getur talað við þá og verið með þeim : vegna þess að maðurinn er í eðli sínu andi (sál) og er með öðrum öndum (sálum) í sínum innra manni , - þess vegna , hafi innri maður mannsins verið opnaður af Drottni , getur hann talað við þá (englana og andanna) , eins og maður við mann . Mér hefur nú hlotnast sú náð að mega njóta þessara réttinda í tólf ár daglega".

" a) Það eru engir andar og englar til , sem ekki eru komnir af mannkyninu .

b) Andar (sálir) hvefrrar jarðar eru nærri sinni eigin jörð , af því að þeir eru komnir af íbúum hennar og eru skildir í eðli , - og þeim er ætlað að vera þeim til hjálpar !".

Það sem er svo sérlega íhugunarvert við þetta sem Swdenborg segir og ítengslum við það sem spíritistar nútímans (t. d. hér á landi) segja , er það að hinn framliðni sé kominn af sinni fósturjörð og sé eftir dauðan nærri ,

sinni eigin fósturjörð , vegna þess að þeir séu svo skildir í eðli þeim sem eftir lifa og eigi að hjálpa þeim í lífinu . Nú er í þessu riti Swedenborgs sagt frá framliðnum íbúum allra þeirra reikistjarna sem þá var kunnugt um þ. e. marz, venus , merkúrs, júpiters og satúrnusar og meira að segja túnglinu okkar . Ef nú er eins og hinn mikli sjáandi og vitranamaður segir að það sé , að engir andar og englar séu til , sem ekki séu komnir af mannkyninu og að hinir framliðnu séu alltaf nærri sinni fósturjörð , af því að þeir séu komnir af íbúum hennar , hvar eru þá íbúar t. d. túnglsins , eða merkúrs, eða marz ?

Og við hvaða jörð , eða nærri hvaða jörð , voru hinir framliðnu íslenzku sjómenn , sem hinn þekkti miðill Hafsteinn Björnsson sá í sýn , og þar sem voru tvær sólar á lofti í einu ?

Það sem skeður hjá hinum miklu vitranamönnum er það sama og alltaf hefir gezrt , blandað er saman því sem þeir sjá og svo þeirr eigin hugmyndum um það sem þeir sjá , Swedenborg segir , að ástæðan fyrir því hvernig hann veit að andarnir séu frá túnglinu , sé sú að þeir hafi sagt sér það , en á öðrum stað segir hann að hann sjái það á t. d. stærð sólar hvaða plánetu hljóti að vera um að ræða .

Sannleikurinn er sá , að í mörgum þeirra
lýsinga sem frá spíritistum koma , gætir oft
ósamræmis við þeirra eigin kenningar og má
vel ætla , að segðu vitranamennirnir aðeins
frá sínum opinberunum eins og þær koma
þeim raunverulega fyrir sjónir , á n eigin
skýringa , þá kæmi ýmislegt það í ljós , sem
Nýall kennir okkur og sem það , er hér hefir
verið rakið , bendir einmitt til .

K. N.

Kopernikus.

Í fyrirlestri herra Guðm. landlæknis Björnssonar »Um jarðarfarið, bálfarið og trúna á annað líf« (Skírnir 1913) er minnst á þann mann, er eg rita um þátt þenna¹⁾. Eg veit það vel, að nafn hans er mörgum kunnugt, svo og þetta, er segir í fyrirlestri þeim er eg nefndi, að hann »arfleiddi mannkynið að nægum sönnunum fyrir því, að jörðin er ekki miðdepill alheimsins; hún gengur kringum sólina, en ekki sólin kringum hana. Og reikistjörnurnar 5, sem við sjáum, ganga líka kringum sól: jörðin er reikistjarna, og tunglið gengur kringum hana. En utan yfir öllu þessu er himinfestingin með fastastjörnunum, veraldarskurnið; — við því haggaði Kopernikus ekki«. En hins vegar þykist eg vita, að þeir muni fremur fáir vera á voru landi, er frekari deili vita á merkismanni þessum, er svo er mikils um vert í framfarasögu mannkynsins, að hann reisir upp merkið, það er fylgja skyldi, til að drepa niður villu, hjátrú og vanþekkingu, og leiða mannkynið til réttari skilnings á sjálfu sér, — þótt aðrir beri síðan merkið fram til fullkomins sigurs. Það er enginn furða, þótt flestir viti lítið um mann þenna, þar sem tæplega er nafns hans getið í íslenskum bókum. Fyrir því rita eg þátt þenna, að mönnum yrði nokkuð meira um hann kunnugt.

Niklas Koppernigk er maður nefndur. Hann var kaupmaður á Pólverjalandi í borg þeirri er Krakov heitir, og

¹⁾ Í fyrirlestrið segir, að Kopernikus hafi dáið 1520. Það er eigi rétt. Öllum bókum, þeim er eg hefi séð, ber saman, að hann hafi dáið 24. dag maímánaðar 1543.

var höfuðborg þar í landi. Hann var audugur maður og vel metinn. Síðar fluttist hann norður í land til borgar þeirrar, er Thorn heitir, og stendur við Weichselá. Þar var hann og kaupmaður og líkadi öllum vel við hann og hélt hann virðingu bæjarmanna alla stund. Þar kvæntist hann og átti 4 börn með konu sinni: sonu tvo og dætur tvær. Hinn eldri sonurinn hét *Andreas*, en hinn yngri bar nafn föður síns, og er hann almennt nefndur **Nikolaus Kopernikus**, og er þá nafn hans lagað eftir latínumáli, og er þessi maður sá, er hér ræðir um. Hann er fæddur 19. dag febrúarmánaðar 1473, og var 10 ára, er faðir hans andaðist (1483). Stóð þá ekkjan uppi með börn sín, en átti hið bezta athvarf, þar sem var bróðir hennar, *Lúkas Watzelrode*, er þá var borgarstjóri þar í bænum, en varð skömmu síðar biskup í Ermlands-biskupsdæmi. Hann tók Kopernikus að sér og sá um uppeldi hans og mentun, og nam pilturinn fyrst skólanám þar í Thorn, en er því var lokið, og hann hafði aldur til og þroska fór hann til háskólans í Krakov og var þá 19 ára. Þar dvaldi hann um 3 ár og lagði þar stund á stærðfræði og stjörnufræði. Biskupinn hafði heitið þeim bræðrum því, að þeir skyldu fá kórsbróðurembætti við dómkirkjuna, er staða sú yrði laus. Fyrir því sótti Kopernikus til háskólans í Bologna á Ítalíu, til að nema lög (kirkjulög) og búa sig svo undir embætti það, er hann átti í vændum, og átti hann að vera þar um 3 ár. En varla mun hann hafa stundað laganámið af kappi, því að allur hugur hans hneigðist að stærðfræði og stjörnufræði og hlýddi hann þar á fyrirlestra háskólakennara í þeim greinum, og varð þeim handgenginn. En um þetta leyti varð laus kórsbróðurstaða í Frauenburg, og fekk hann þá stöðu. Launin voru 8000 kr. að voru peningagildi, og hafði hann því næg efni, til að stunda nám erlendis, enda fekk hann orlof um 3 ár, og fór hann þá til Rómaborgar (árið 1500) og slutti þar fyrirlestra um stærðfræði og stjörnufræði. Hvarf hann þá heim árið eftir, en sótti það fast, að fá enn orlof, til að nema læknisfræði við háskólann í Padúa, svo að hann gæti læknað

embættisbræður sína. Kórsbræður veittu honum leyfið, og fór hann þá til Padúa, og stundaði læknisfræðina, en jafnframt fekst hann við kirkjulaganám, og varð doktor í kirkjurétti í Ferrara (1503). Þá sneri hann heim aftur og þótti nú fullkæður, svo sem best mátti verða. Hann tók nú við embætti sínu og rekti það um 3 ár, en þá fór svo, að hann fekk enn orlof kórsbræðra, að hann gæti verið með móðurbróður sínum, og átti að vera læknir hans og ritari. Stada biskups var um þessar mundir ærið erfið sökum deilu mikillar, er þá stóð meðal Pólverja og hinnar þýzku riddarareglu, þar sem stórmeistari reglunnar vildi eigi hylla konung Pólverja. Fyrir fjórum tugum ára hafði riddarareglan orðið að láta af hendi Vestur-Prússland og borgirnar Danzig og Thorn, svo og Ermlands-biskupsdæmi, og fá Pólverjakonungi í hendur, en tekið Austur-Prússland að léni; en nú vildu þeir rétta hlut sinn. Mátti vel svo fara að þeir tækju Ermlands-biskupsdæmi herskildi, áður en nokkur hjálp gæti komið af hendi Pólverja. Stórmeistari reyndi að fá biskup til að bregða trúnaði við Pólverja og hét öllu fögru, en biskup fór undan í flæmingi og dró alt á langinn. Biskup var þá einatt á ferðalagi til Krakov, og fylgdi Kopernikus honum og tók þátt í öllu því, er biskup varð að sinna. Þá er biskup var á heimleið frá Krakov (1512), tók hann sótt harða, komst þó til Thorn og andaðist þar.

Það vóru 6 ár, er Kopernikus dvaldi með Watzelrode biskupi, og var þá bústaður hans í biskupshölliinni í Heilsberg, og þótt hann hefði þá mörgum störfum að gegna í þjónustu biskups, gleymdi hann ekki stærðfræðinni og stjórnufræðinni, því að einmitt á þessum tíma, er hann var mörgum önnum bundinn, fór hann fyrst fyrir alvöru að reyna að gera sér skynsamlega grein fyrir alheiminum og gangi himinhnattanna og hugsu ræki-lega skodun þá, er hann síðar kom fram með og varð að fullri sannfæringu í huga hans.

Eftir lát móðurbróður síns fór Kopernikus aftur til Frauenburg og tók embætti sitt og stýrði kórsbræðrum.

Bústað fekk hann að óskum í turni í borgarmúrnum og var þaðan vísýni mikið. Þar gat hann gert athuganir sínar í bezta naði, en svo stóð eigi lengi, að eins 4 ár, þá lenti hann aftur í umsvifum og óæði og annarlegum störfum, því að 1516 sendu kórsbræður hann til hallar þeirrar, er Allenstein hét, og átti hann að vera þar lensmaður yfir eignum dómkirkjunnar, en dómkirkjan átti nálega þriðjung allra jarða í biskupsdæminu, en jarðeignir þessar lágu tjarri dómkirkjunni umhverfis Allensteinhöll. Kopernikus átti að vera lensmaður yfir jörðum þessum, stýra fjármálum öllum og vera æðsti dómari í klerkamálum og leikmannamálum. Stada þessi var afar erfið og umsvifamikil, og ekki bætti um, að stórmeistari hinna þýzku riddara leyfði liðsmönnum sínum rán og gripdeildir í biskupsdæminu, er hann gat eigi goldið þeim mála. En Kopernikus var fullkomlega vaxinn þessari vandasömu stöðu, og sýndi dagnað hinn mesta og viturleik í stjörnmála þeirra allra, er honum voru á hendur falin. Þarna var hann í þrjú ár, svo sem á var kveðið í öndverðu, og komst þaðan heill á húfi (1519) og settist aftur í turninn sinn. En nú var svo málum komið milli Pólverja og hinna þýzku riddara, að styrjöld var erðin úr, og settust riddarar um Frauenstein, og gat Kopernikus úr turni sínum daglega séð umsátursherinn. Kórsbræður flýðu úr borginni, allir nema Kópernikus; hann sat kyr. Biskup brast áæði til að fara á fund stórmeistara í samningaerindum, og bað Kopernikus fara, og tókst hann þann vanda á hendur. Einmitt á þessum tíma gerði Kopernikus stjörnufræðilegar athuganir, og má af því ráða, hversu áhugi hans var mikill á því efni. Pólskur her barg borginni. Stórmeistari varð frá að hverfa með her sínum, og fór þá um biskupsdæmið austur á bóginn með báli og brandi, ránum og maundrápum.

Þá er her óvina var á brautu, komu kórsbræður aftur og dáðust allir mjög að þreki Kopernikusar og hugrekki, og urðu á það sáttir, að skipa hann aftur lénsmann á Allenstein (1520), og tók hann kjörinu, þótt eigi væri

hættulaust, því að stórmeistari hafði í hótunum, að hann mundi taka höllina hérkildi. En Kopernikus gat hamlað því, að svo yrði, og er friður komst á, var honum falið að annast friðarsamninga, og leysti hann það starf af hendi, svo sem bezt mátti verða.

Hin síðustu æfiár Kopernikusar voru ærið dapurleg, og var hann litt metinn, ofsóttur og vanvirtur. Annars var hann sannlega verður. Þá er *Páll 3.* settist á páfastól, skipaði hann þann mann biskup í Ermlands biskupsdæmi, er bar óvildarhug til Kopernikusar, vildi fyrir hvern mun hnekkja virðing hans og vinna honum mein eftir megni. En höggstaði var litt hægt að finna, þar sem Kopernikus hafði eigi látið prenta rit sitt og eigi flutt opinberlega kenning sína. Ef svo hefði verið, hefði mátt rísa gegn honum, kæra hann fyrir villutrú og brenna hann á báli. Biskup þessi beindi þá að honum kærum þeim, að hann hneigðist að kenning *Lúthers* og lifði ósiðlegu lífni. Frændkona hans, er var bústýra hans, var rekin frá honum, og svo fór, að vegur hans þvarr, fáir vildu við hann skifta, svo sem af honum mundi spilling standa eða sýking, og var hann talinn nær einskis nýtur, nema ef svo mætti verða, að læknuisíþrótt hans gæti komið einhverjum að gagni. Hann andaðist á sóttarsæng 24. dag maímánaðar 1543. —

Kopernikus lauk við rit það, er hann samdi, árið 1530. Hann hafði haft ritið lengi í smíðum og sífellt aukið við og endurbætt. Ritið var samið á latínu og heitir: *De revolutionibus orbium coelestium*, en svo liðu 13 ár, að ritið var eigi prentað, og var hann ófús þess, að láta prenta bókina, enda gekk hann að því visu, að hann mundi verða talinn villutrúarmaður sökum skoðunar þeirrar, er fram var haldið í bókinni, og þurfti hann þá ekki góðs að vænta af æstum og fáfróðum klerkalýð. Á einhvern hátt höfðu menn þó komist á snodir um efni bókarinnar, og 1531 var flimleikur háður í Danzig um hann og bók hans. Þá réð hann það af að gefa út »skýring« í handriti. 1533 flutti einn ritari páfa fyrirlestur um kenning Kopernikus.

ar fyrir páfa sjálum og kardinálum, og var ger að góður rómur. En á Þýzkalandi var kenningu hans illa tekið, og voru þar framarla í flokki þeir Lúther og *Melancton*. Vinir Kopernikusar lögðu fast að honum, að hann skyldi láta prenta ritið, og er í þann strenginn tók kardináli sá, er *Schomberg* hét, og hafði fengið í hendur sínar skrifað eintak af ritinu, þá lét Kopernikus að óskum þeirra, og sendi ritið til Nürnberg, og þar var það prentað 1543. En þá var Kopernikus deyjandi á sóttarsæng, er að honum var rétt hið fyrsta prentaða eintak af bókinni. Þá var hann að bana kominn, en menn ætla, að hann hafi þó haft svo mikið ráð, að hann hafi vitað, hvað það var, er hann tók í hönd sína.

Kopernikus gat eigi sjálfur séð um prentun bókar sinnar — því miður. Ungur háskólakennari, er *Rheticus* hét, og var mjög hrifinn af kenning Kopernikusar, sá um prentun fyrstu arkanna, en þá varð hann frá að hverfa, og var starf þetta þá á hendur falið *Andreas Osiander*, prestí og stærðfræðing, og þykir þá stinga í stúf, að allur frágangur verður stórum verri. Sú er ætlun margra, að hann hafi samið formálann og borið er honum á brýn, að hann hafi gert efnið nokkuru daufara á bragðið, svo sem eigi væri hér um að ræða rökstudda sannfæring Kopernikusar sjálfs. Heldur að eins nýja aðferð, er styddist við ágizkun, til að reikna út braut jarðar og reikistjarna annara. En ef svo er, hefir það verið sprottið af umhyggju fyrir Kopernikusi og vináttu, til að reyna að draga úr því, að af bókinni leiddi ill eftirköst fyrir höfundinn.

Bókina helgar höfundurinn Páli páfa hinum 3., enda þóttist hann sannfærður um, að hún riði alls eigi í bág við trúarbrögðin, og til páfa er formálinn stílaður. Í formálanum talar höfundurinn um, hve ófullkominn og ófullnægjandi skoðun manna sé um heimsskipunina, og kveðst hafa orðið sannfærður um, að jörðin og aðrar reikistjörnur gangi kringum sólina, af lestri fornra rithöfunda. »Þá fór eg að ihuga hreyfingu jarðarinnar, og þótt fjarri sanni mætti sýnast, varð mér þó ljóst, að þar sem aðrir höfðu

áður dregið bringa, til að skýra fyrirbrigðin, þá yrði eg og að leyfa mér að leita betri skýringa á staðbreytingum stjarnanna, en áður voru fram komnar, með því að gera ráð fyrir hreyfingu jarðar. Þá er eg setti hreyfing jarðar sem áreiðanlegt undirstöðuatriði, fann eg með mörgum torveldum athugunum, að þá er hreyfingar annara reikistjarna voru bornar saman við hreyfingu jarðar.* Þá var ekki að eins audið að skýra fyrirbrigðin af undirstöðuatriðinu, heldur varð það ljóst, að hinir einstöku himinhnettir og stjarnkerfið alt stóð í því sambandi hvað við annað, að engu varð svo úr lagi kípt, að hitt raskadist eigi og alheimurinn kæmist í ólag«.

Formálinn endar á þessum orðum: »Þótt eg viti vel, að heimspekingur lætur eigi dóma þorrans úhrifum valda á hugsanir sínar, þar sem vísinda-íðkanir hans hafa það mark eitt, að finna sannleikann í öllum efnum, að svo miklu leyti, sem guð hefir veitt manngri skynsemi hæfileik til þess, þá hefi eg þó lengi verið í efa, hvað eg skyldi gera, hvort eg ætti að láta rit mitt koma fyrir sjónir almennings eða fara að dæmi *Pythagorasar* og lærisveina hans og annara, er látið hafa upp kenningu sína meðal vína sinna, svo að kenningin á þann hátt hefir borist munnlega frá einum manni til annars. Ef einhverjir málrófsmenn, þeir er eigi bera skyn á stærðfræði, skyldu fella dóma um rit mitt og ráðast á það og styðja mál sitt með einhverri bibliugrein, er þeir eigi skilja rétt, þá met eg slíká menn einskis, og lit svo á, að unnnæli þeirra séu fyrirlitlegir sleggjudómar«.

Koperníkus hafði skýran skilning á afstöðu jarðar við aðrar reikistjörnur. Hann fór og nærri um stærð jarðar í samanburði við þær. En hann hugsaði sér braut jarðar og annara reikistjarna bringmyndada, og var það samkvæmt þeirri skoðun, sem þá var almenn, að hringur hlyti að vera hin edlilegasta flatarmálsmynd, af því að sú myndin væri hin einfaldasta.

Aðalsönnunin í bók hans var í því fólgin, að skýra málið á hinn allra einfaldasta og óbrotnasta hátt. Sú

skýring á gangi himinhnattanna, að minni hnettirnir, og meðal þeirra jörðin, gangi kringum stærri hnettina, þ. e. að reikistjörnurnar og meðal þeirra jörðin, gangi kringum sólina, sé miklu eðlilegri, en að allur himingeimurinn sé á geisihraðri ferð kringum jörðina. Þá er og miklu eðlilegra að hugsa sér að jörðin snúist um sjálfa sig á tveim dægum en hitt, að hugsa sér að sól og allar himingeimur snúist um jörðina, svo litil sem hún er, með slíkum afar fláða, að þeirri ferð sé lokið á tveim dægum. Það er hægst að skýra þetta mál einfaldlega, með því að taka upp þá skoðun og þann skilning á málinu, að það sé hin litla jörð, sem snúist, og allir þeir er málin hugsa skynsamlega, verða að hallast að þessari skoðun.

Koperníkus var ekki á báli brendur fyrir skoðun sína. En eigi er ólíklegt að svo hefði farið, ef honum hefði orðið lífs audið um stund, eftir það er bók hans var prentuð. Með útkomu bókar hans hefist nýtt tímabil í framfarasögu mannkynsins. Skoðun hans vann um síðir sigur, þrátt fyrir alla mótspyrnu og allar ofsóknir á hendur þeim mönnum, er tóku upp merkið, þetta er Koperníkus hafði reist, gerðu við gallana á því, legruðu litina, lyftu því hærra og báru það fram til sigurs.

En eigi var sigurinn audunninn. Merkisberinn frægi, *Giordano Bruno*, var á báli brendur, og *Galilei* varð að taka aftur skoðun sína, og var svívirðilega leikinn af kaþólskum klerkalýð. Skoðun þessi, að jörðin snerist, og ýmsar aðrar nýngar í stjörnufræði, voru taldar þá vantrú og guðleysi. En sannleikurinn vanu þó sigurinn. — Hvert mannsbarn veit það nú, að skýring þessi, er Koperníkus bar fram, er hin eina rétta, og dettur engum í hug að efa. Og af þessari skýringu höfum vér fengið réttan skilning á því, hverjir vér erum sjálfir

Líkneski af Koperníkusi hafa reist verið í Thorn, þar sem hann var borinn, og í Warschau. Það líkneski hefir *Albert Thorealdsen* gert. Og bautasteinnurinn sá, er hann reisti sér sjálfur á framfarabraut mannkynsins, mun »óbrotgjarn« reynast þótt »aldir renni«.

Janus Jónsson.

(Birtist áður í tímar. Skírni 1913)

ÁHUGAMENN

Þeir lesendur þessa rits , sem e-ð eru kunnugir málefnum F.N. (Félag Nýalssinna), sjá skjótt , að mjög er haldið í sömu átt og áður . Það vill verða svo , að hafi menn heillast eða orðið mjög áhugasamir um e-t málefni , þá er erfitt að víkja frá því að neinu ráði , enda er tilgangurinn með þessu riti , og fleirum , sem nýalssinnar standa á bak við , sá sami og áður : að kynna Nýal og þá nýju heimsskoðun , sem hann boðar .

Um nauðsyn stefnubreytingar í samskiptum þjóðanna , stjórnámálum og yfirleitt velferðar - málum mannkynsins , er nú orðið mörgum svo augljóst mál, að ekki ætti að vera þörf á að fjöl-yrða um það . Hitt er mönnum eigi eins ljóst , hver eða hvernig sú stefnubreyting ætti að verða.

Eitt er alveg öruggt og víst og það er , að jafnvel þótt ekki sé að vænta neins heimsendis eða stórfelldra áfalla fyrir jarðarbúa í náinni framtíð , þá er nú þegar svo mikil eynd og fátækt , svo miklar kvalir og þjáningar og ör- vænting hjá miklum meirihluta mannkynsins , að sérhver tilraun til að bæta þar e-ð úr á fullkominn rétt á sér og er þess verð að

vera gaumur gefinn . Nýalssinnar telja það því skyldu sína að gera það , sem þeir telja líklegast til árangurs . Þeir vilja benda á þau úrræði sem mögulega geta létt af hörmungunum . Þau úrræði eru , að okkar mati , að finna í Nýal og þeirri orku , sem góðir Íslendingar og vinir þeirra geta leyst úr læðingi , aðeins ef vilji er fyrir hendi og samstaða næst .

Með kærri kveðju vil ég nú hvetja ykkur (og sjálfan mig um leið) til þess að láta hugmyndir ykkar og góð áform verða að veruleika .

Það er aldrei að vita , hve viðbrögð hvers einstaklings geta ráðið miklu .

K. N.

Alt afl er undirbúningur undir líf . En sum verðandi getur verið til nokkurskonar fullkomunnar og þó ekki í rétta átt , svo að tala má um helvízka framþróun . Þegar menn grafa óvini sína lifandi , með sprengingu , þá er þar um að ræða meira hugvit , en forðum þegar menn drápu hann með öxi eða sverði , - en þær framfarir , sem þar koma til greina eru ekki hinar réttu , liggja ekki til hins mikla samræmis , heldur til helvízku , og síðan auðnar og dauða , nema stefnunni sé breytt . Það má hugsa sér helheima þar sem vélfræði og aðrar fræðigreinar eru á miklu hærra stigi en hér á jörðu , en þjáningar kvalins mannkyns þó miklu meiri . En að lokum mun þó leiða af því hnignun allrar þekkingar , ef fróðleiksfýsn og sannleiksást hættir að vera aðalhvöt til þess að stund vísindi . Og haldi nú enginn , að ég sé að lasta vélfræði , - en þeir þurfa að geta beitt sér , sem bezt eru fallnir til að sjá yfir , og gæta að stefnunni , - annars fer líkt og á skipi því , sem gengur fyrir öflugum vélum , en stýrið bilað .

Úr ritgerðinni
Á ANNARI STJÖRNU ,
eftir dr. Helga Pjeturss

Nýall.

NYALL er bokin um það, sem allir hafa síst um vitad, og allir þrá mest að vita, tilgang og framhald lífsins, eðli og framtíð astarinnar. Nýall er viðsýnni en nokkur bók hefir verið áður, því að hann sýnir fram á, að allur heimurinn er vor ættargrund, og þó er hann þjóðrækinn, því að hann leiðir í ljós hina sjerstöku þyðingu íslensku þjóðarinnar fyrir sögu alls mannkyns.

Ritgerðin „Íslenska Snorra Sturlusonar“ sýnir fram á einkennin á stil þessa höfuðsnillings, og bregður nokkru nýu ljósi yfir íslenskar bókmentir.

Nýall er bók sem menn verða að eiga sjálfir, og lesa oft. Því betri maður sem les, og því betur sem hann les, því betri mun honum þykja bokin.

(Nýall fest í bókaforlagi Guðjóns Ó . og
hjá Félagi Nýalssinna , Álfhólsv.121 Kóp)